

**Nd.**

**566. Nefndarálit**

**[303. mál]**

um frv. til l. um ráðstafanir í ríkisfjármálum, verðlags- og lánsfjármálum 1986.

Frá 2. minni hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Þingflokkur Alþýðuflokksins vill allt til vinna að sá árangur náist sem að er stefnt með nýgerðum kjarasamningum. Ef vel er á haldið geta þessir kjarasamningar skipt sköpum um efnahagslega þróun á næstu árum. Með þessum kjarasamningum er að því stefnt

- að verðbólga lækki úr 30–40% í u.þ.b. 8%,
- að kaupmáttur launa fari vaxandi eftir því sem líður á samningstímabilið,
- að kaupmáttur þeirra, sem ekki hafa notið launaskriðs, hækki meira en annarra.

Þetta er umtalsverður og óvenjulegur árangur kjarasamninga, sem tekist hafa án verkfalla, ef þetta stenst í framkvæmd.

Snöggur bati í ytri skilyrðum þjóðarbúsins, þ.e. snarlækkandi olíuverð á heimsmörkuðum og hækkandi fiskverð á erlendum mörkuðum, skapar sérstakt svigrúm fyrir slíka samninga. Þessum viðskiptakjarabata er að verulegu leyti varið til kaupmáttaraukningar. Kaupmáttaraukningin er ekki tryggð með ofurháum prósentuhækkunum heldur með fyrirheiti stjórnvalda um breytta stjórnarstefnu sem lýsir sér m.a. í eftirfarandi: Niðurfærslu tekjuskatts og útsvars að breyttum verðlagsforsendum, áformaðri lækkun nafnvaxta og lækkun á gjaldskrá opinberrar þjónustu, lækkun á bensíni og rafmagni, tollalækkunum og niðurfellingu launaskatts í fiskiðnaði og iðnaði til stuðnings meginforsendu samninganna um fast gengi. Loks eru gerðar ráðstafanir til að hindra hækkun búvöruverðs.

Fyrir utan almenna kaupmáttaraukningu koma til sérstakar launabætur sem eiga að skila 3,4% kaupmáttarbata hjá þeim sem lægst hafa tekjur. Auk þess koma til sérstakar aðgerðir til að auka starfsöryggi og starfsvirðingu fiskvinnslufólks. Loks er að geta fyrirheits stjórnvalda um „nýtt og stórbætt húsnæðislánakerfi“ sem skiptir sköpum, ekki síst fyrir ungu kynslóðina í landinu.

Þessir kjarasamningar eru í heild sinni gerðir með einu skilyrði. Þetta skilyrði er að ríkisstjórnin taki upp stefnu í efnahagsmálum sem geti samrýmt afgerandi hjöðnun verðbólgu. Vonir manna um að fyrirhugaður árangur náist í reynd eru bundnar því skilyrði að hallarekstur ríkissjóðs magni ekki verðbólguna upp á ný og að hóflitlar lántökur, þótt á innlendum markaði séu, þrýsti ekki upp vaxtastigi eða setji stjórn peningamála úr skorðum.

Eins og fram kemur í athugasemdum felur frumvarpið í sér að rekstrarjöfnuður fjárlaga versnar um 1650 m. kr. Þetta er að mati okkar Alþýðuflokksmanna óviðunandi niðurstaða. Ekki síst þegar þess er gætt að ætla má að ýmsir duldir gallir leynist í frumgerð fjárlaganna. Um það þýðir ekki að fást úr þessu. Við afgreiðslu fjárlaga og lánsfjárlaga fyrir árið 1986 flutti þingflokkur Alþýðuflokksins samræmdar tillögur um nýja og aðhaldssamari stefnu í ríkisfjármálum. Því miður bar meiri hl. Alþingis ekki gæfu til að samþykkja þær tillögur þá. Hefðu þessar tillögur verið samþykktar væri ríkisstjórnin betur í stakk búin að mæta nokkrum útgjaldaauka vegna kjarasamninganna. Þeim mun brýnna er nú að gætt verði aðhalds í ríkisfjármálum þegar gera á tilraun til að slá niður verðbólguna. Þessu sjónarmiði samsinnir ríkisstjórnin í orði en ekki á borði. Þingflokkur Alþýðuflokksins vill því vara við því að stjórnarmeirihlutinn tefli árangri kjarasamninganna í tvísýnu með of miklum hallarekstri í ríkisfjármálum og of miklum lántökum sem haft geta neikvæð áhrif á vaxtaþróun. Við hefðum kosið að útgjaldaauka ríkissjóðs vegna kjarasamninganna hefði í auknum mæli verið mætt með nokkurri hækkun tekna ríkissjóðs og lækkun útgjalda. Við minnum á að í bréfi aðila vinnumarkaðarins til ríkisstjórnarinnar frá 26. febr. s.l. segir: „Miklu máli skiptir að þessi kostnaður valdi ekki halla á ríkissjóði og að hann verði fjármagnaður með innlendu fé. Að öðrum kosti væri hætta á aukinni þenslu sem gæti sett verðlagsmarkmið kjarasamninga úr skorðum.“

Með vísan til þessara grundvallarsjónarmiða lýsir þingflokkur Alþýðuflokksins sig reiðubúinn til samstarfs við ríkisstjórnina um tillögugerð er feli í sér að minnka fjárlagahallann og treysta þannig vonir manna um raunhæfan árangur kjarasamninganna. Við erum reiðubúin til að fallast á sameiginlegar tillögur aðila vinnumarkaðarins um aukna tekjuöflun ríkissjóðs, t.d. með sérstökum skatti á banka og fjármálastofnanir og sérstökum eignarskattsauka á félög; lækkun ríkisútgjalda, t.d. til vegagerðar með hliðsjón af fyrirsjáanlegum sparnaði í kjölfar lækkandi olíuverðs; og að fallið verði frá því að auka fjárveitingu til

niðurgreiðsla á búvörum um 220 m. kr. en ónýttur afgangur útflutningsbótafjár og framlög til jarðræktarstyrkja verði notuð í þessu skyni í staðinn. Þá erum við reiðubúin til samstarfs um að lækka erlendar lántökuheimildir sérstaklega til þess að hamla gegn þenslu í peningamálum. T.d. væri það mjög jákvæð ráðstöfun í þessu samhengi að lækka heimildir á lánsfjárlögum til erlendar lántöku (t.d. Landsvirkjunar, Framkvæmdasjóðs og Byggðastofnunar) um u.þ.b. 500 m. kr.

Með þessum tillögum væri reynt að tryggja að það viðnám gegn verðbólgu, sem að er stefnt með kjarasamningi ASÍ og vinnuveitenda, verði ekki eyðilagt með ónýtri fjármálastjórn. Þar með væri aðhald í ríkisfjármálum og lánsfjármálum hert verulega án þess að það bitnaði að nokkru leyti á launafólki eða drægi úr sérstökum ráðstöfunum til þess að hamla gegn verðhækkunum.

Kjarni málsins er sá að verðbólgan næst ekki niður þótt launafólk sé reiðubúið til að axla ábyrgð ef lausatök eru á fjármálum og lánamálum.

Þingflokkur Alþýðuflokksins vill fyrir sitt leyti veita frumvarpinu stuðning. En við skorum á ríkisstjórn og þingmeirihluta að leita víðtækara samkomulags um að styrkja stöðu ríkisfjármálanna og tryggja þar með betur tilætlaðan árangur. Ella hlýtur ríkisstjórnin ein að bera ábyrgðina ef ónýt fjármálastjórn spillir árangri skynsamlegra kjarasamninga.

Alþingi, 28. febr. 1986.

Jón Baldvin Hannibalsson.